

Rio Tinto á Íslandi
Straumsvík Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Reykjavík, 4. september 2019
UST201901-196/H.E.
08.07.02


Efni: Reglubundið eftirlit, 9. 7. 2019, hjá RioTinto Alcan.

Þann 9. júlí sl. fór fram eftirlit í álver RioTinto Alcan í Straumsvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Í eftirlitinu voru staðfestar úrbætur vegna fráviks sem kom upp í fyrra eftirlit ársins 2018. Engin frávik komu fram við eftirlit en fjórum ábendingum komið á framfæri.

Virðingarfyllst


Halla Einarsdóttir


Isak Sigurjón Bragason

Afrit: Heilbrigðisnefnd Hafnafjarðar og Kópavogssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto á Íslandi Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	9.7.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Rio Tinto á Íslandi	Eftirlitsmaður	Ísak Sigurjón Bragason
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins í RioTintoAlcan í Straumsvík. Í eftirlitinu voru staðfestar úrbætur vegna fráviks sem kom upp í eftirliti 2018. Engin ný frávik komu fram í eftirlitinu en fimm ábendingum var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Síðasta eftirlitsskýrsla og úrbætur fráviks.
2. Helstu ryk uppsprettur og niðurstöður útblástursmælinga.
3. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda
 - a. Tilkynningar vegna mengunaróhappa
 - b. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
4. REACH skráningar
 - a. Frumframleiðsla efna
 - b. Innflutningur
 - c. Breyttar aðstæður/forsendur – uppfærsla skráningarskýrslu (e. registration dossier)
 - d. Eigin notkun framleiðslu
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Skoðunarferð og önnur mál.

1. Í síðustu eftirlitsskýrslu er fjallað um frávik sem rekstraraðili tilkynnti til Umhverfisstofnunar vegna ryks í útblæstri frá löndunarkrana og var ráðist í fjárfestingu á nýjum búnaði í kjölfarið. Nýr löndunarbúnaður kom til landsins í lok ársins og barst stofnuninni tilkynning um að hann væri kominn í fullan rekstur 6. júní sl. sem var á undan framlagðri áætlun um úrbætur. Farið var yfir staðsetningar mælíbúnaðar fyrir eftirlitsmælingar í löndunarbúnaðinum. Búið er að panta rykstafi sem munu mæla ryk í rauntíma en auk þess eru fyrirhugaðar punktmælingar í samræmi við mæliáætlun. Fínstillingar á búnaðinum standa yfir til að ná betri afköstum í hreinsivirkinu. Efla verkfræðistofa mældi hávaða eftir að löndunarbúnaðurinn var kominn í notkun. Skýrsla úr mælingu var send Umhverfisstofnun í kjölfar eftirlits. Niðurstöður mælinganna sýna lækkun á hávaða miðað við hávaðamælingar 2015 og 2016. Tilraunum við endurnýtingu síupoka frá þurrhreinistöðvum er lokið og hyggst rekstraraðili ekki hefja slíka endurnýtingu á næstunni þar sem að slík endurvinnsla krefst eftirbrennslu og því ekki hagkvæm lausn að svo stöddu.

2. Farið var yfir niðurstöður mælinga á minni ryk uppsprettum skv. mæliáætlun. Ryknemar eru á öllum mælistöðunum (nema deiglufraes og nýrri kerbrotastöð) og auk þess eru punktmælingar gerðar skv. mæliáætlun. Mælingar hafa verið almennt hærrí í þurrhreinivirkjum árið 2018 en 2019 sem rekstraraðili telur stafa af ofmati í loftflæði 2018. Samanburðarmælingar í þurrhreinistöðvum eru gerðar þriðja hvert ár af vottuðum aðila (ANECO).

3. Vel er haldið utan um viðbragðsáætlanir í verksmiðjunni og þær vel kynntar starfsmönnum. Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar mengunaróhappa voru afhentar til rekstraraðila í eftirlitinu. Trygging vegna bráðamengunar var lögð fram í eftirlitinu. Endurskoðun á neyðaráætlun og öryggisskýrslu m.t.t. varnir gegn stórslysum í iðnaði er áætluð á næsta ári.

4. Farið var yfir REACH skráningar. Skráningarnar voru áður gerðar miðlægt fyrir RioTinto en ISAL hefur tekið yfir þær skráningar. Álóxið og íblöndunarefni eru flutt inn frá löndum utan Evrópu og krefst því skráningar í REACH. Raflausn er framleidd í verksmiðjunni og sett á markað og þar með skráð í REACH.

Skaut eru ekki skráð þar sem að rekstraraðili lítur á þau sem hluti (e. article) sem eru ekki skráningarskyld skv. REACH. Farið var fyrir kröfur um vöktunarkerfi s.s. ef magn, notkunarupplýsingar og regluumhverfi breytist. Bent var á að ekki er lengur gerð krafa um að öryggisblöð séu á íslensku. Í eftirlitinu kom fram að innleiðing á Eco online efnaskráningarkerfi stendur yfir. Nánar verður fjallað um þennan hluta eftirlitsins í sérstakri eftirlitsskýrslu frá teymi efnamála.

5. Með breytingu á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun hefur unnið slíkt kerfisbundið áhættumat sem var kynnt rekstraraðila í eftirlitinu. Í lok árs hyggst Umhverfisstofnun taka heildræna rýni á niðurstöður áhættumatsins og nota til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða frá og með árinu 2020. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

6. önnur mál.

Eftirlitsmaður minnti á gildistíma starfsleyfis og kröfur um skýrslu um grunnástand. Rætt var um ábendingu og tilkynningar sem hafa borist stofnuninni frá síðasta eftirliti. Eftirlitsaðila var tilkynnt um stöðvun þurrhreisistöðvar 1 í 80 mínútur þann 12. febrúar sl. þegar aðalrofi í spennistöð yfirhitnaði. Að lokum var farið í skoðunarferð í nýja löndunarbúnaðinn þar sem að m.a. mælistaðsetningar voru skoðaðar. Einnig var farið í kerskála 1 að vestanverðu.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili var minntur á að skoða með reglubundnum hætti áhættumat á bráðamengun hafs og stranda sem viðbragðsáætlanir byggja á.

Minnt var á að fjalla um endurvinnslu áls í skráningu á framleiðsluferli áls m.t.t. REACH.

Ein ábending hefur borist Umhverfisstofnun frá síðasta eftirliti um sýnilegan reyk þann 22. maí sl. sem rekstraraðili telur hafa staðið yfir í skamma stund þegar verið var að hræra í ofni í steypuskála.

Í skoðunarferð í kerskála kom í ljós að þörf var á að sópa yfir gólf kerskála þar sem að talsvert var af þekjuefnismolum og ryki á gólfunum. Að sögn rekstraraðila er sópað yfir skálana með reglubundnum hætti.

Rekstraraðili upplýsti í eftirlitinu að grunur væri á að loftflæðimælir í þurrhreisistöð 2 væri bilaður. Framleiðandi mælíbúnaðarins er væntanlegur í vikunni til að yfirfara og kvarða mælinn sem og aðra mæla í verksmiðjunni.

ANNAÐ

Núgildandi starfsleyfi gjldir til 1.nóvember 2020 og var rekstraraðili því minntur á að sækja tímalega um nýtt starfsleyfi.

Umhverfisstofnun barst tilkynning frá rekstraraðila þann 22. júlí sl. að rekstrarvandráði hefðu komið upp í skála 3 með þeim afleiðingum að slá þurfti út skálanum af öryggissjónarmiðum. Rekstraraðili hyggst upplýsa stofnunina í lok ágúst um áætlanir við endurræsingu keranna í skálanum. Losun frá kerskálum hefur ekki farið umfram viðmiðunarmörk vegna þessa.

Reykjavík, 02.09.2019

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir